

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 16. mars 2022 í máli nr. 61/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 24. júní 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að greiðslukrafa varnaraðila fyrir þjónustu hans hafi verið hærrí en eðlilegt geti talist og krefst lækkunar hennar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 24. júní 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 29. sama mánaðar. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila bárust 4. júlí 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara varnaraðila og athugasemda sóknaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, yfirlit sóknaraðila um unnin verk varnaraðila, staðfestingar á greiðslum til varnaraðila dags. 31. janúar og 2. mars 2020, innheimtubréf varnaraðila til sóknaraðila og kvittun fyrir fullnaðargreiðslu sóknaraðila til varnaraðila dags. 21. maí 2021.

Með bréfi, dags. 3. september 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum málsins má ráða að að sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við að ljúka við uppsetningu á innréttingu í fasteign sóknaraðila í janúar 2020. Samið var um verk sem fól í sér uppsetningu á þremur efri skápum í eldhúsi, uppsetningu á frágangslista milli neðri eldhússkápa sem og vinna og uppsetning á fjórum hliðum á eldhúseyju. Þá hafi varnaraðili sagað til fjórar hillur í þvottahúsi að ósk sóknaraðila en ekki sett þær upp. Að sögn sóknaraðila hafi allt efni til verksins verið á staðnum Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir tilboði varnaraðila í verkið en án árangurs. Umbeðin verk voru unnin í tvennu lagi, 24. og 27. janúar 2020 af tveimur starfsmönnum varnaraðila. Að verki loknu þann 28. janúar 2020 sendi fyrirsvarsmaður varnaraðila sóknaraðila smáskilaboð og krafðist greiðslu að fjárhæð 70.000 krónur án nótu og tilgreindi að tímagjald hans væri 5.000 krónur. Sóknaraðili féllst á umrædda kröfu með smáskilaboði sama dag en óskaði eftir að fá að greiða hana í tvennu lagi. Sóknaraðili greiddi varnaraðila alls 40.000 krónur án nótu með tveimur millifærslum inn á persónulegan reikning fyrirsvarsmanns varnaraðila þann 31. janúar og 2. mars 2020. Ágreiningur varð síðar uppi milli aðila um frekari greiðslu vegna verksins. Í byrjun árs 2021 krafði varnaraðili sóknaraðili um greiðslu að fjárhæð 60.884 krónur með innheimtubrési. Að sögn sóknaraðila hafi hún fyrst um sinn neitað að greiða framangreindan reikning en féllst svo á að greiða hann ásamt áföllnum

málskostnaði og öðrum kostnaði, alls að fjárhæð 178.145 krónur, þann 21. maí 2021 til að forða því að málið færi fyrir dómstóla.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðili endurgreiði henni það sem hún telur sig hafa greitt umfram það sem eðlilegt geti talist fyrir hið unna verk. Sóknaraðili kveðst hafa fengið smið til að taka verkið út fyrir sig og hafi það verið hans mat að hið umsamda verk ætti að taka þrjá til fjóra tíma fyrir einn iðnaðarmann. Þá hafi það verið mat smiðsins að kostnaður við vinnuna ætti að vera innan við 20.000 krónur. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi látið tvo starfsmenn sína vinna verkið og krafist 5.000 króna í tímagjald fyrir hvorn þeirra. Þar sem krafa varnaraðila hafi verið að fjárhæð 70.000 krónur sé varnaraðili að krefjast greiðslu fyrir 14 unna tíma og það geti sóknaraðili ekki felld sig við.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili byggir á því að kostnaður við lagfæringar á eldhúseyju hafi numið 40.000 krónum, þ.e. 5.000 krónur í tímagjald fyrir átta tíma vinnu. Fyrirsvarsmaður varnaraðila kveðst hafa innheimt fyrir þann hluta verksins persónulega. Reikningur hafi svo verið gefinn út af varnaraðila fyrir þeim hluta verksins sem unninn hafi verið 27. janúar 2020.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum kveðst sóknaraðili vilja fá óháðan aðila til að meta umfang verksins og hver sé sanngjörn greiðsla fyrir það. Sóknaraðili telji óhóflegt að áætla að vinna við að taka fjórar hliðar á eldhúseyju og uppsetning á nýjum hafi tekið alls átta klukkustundir líkt og varnaraðili haldi fram.

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Líkt og að framan greinir óskaði sóknaraðili eftir þjónustu varnaraðila við uppsetningu á þremur eldhússkápum, uppsetningu á fjórum hliðum eldhúseyju og frágangslista milli neðri eldhússkápa sem og við að saga til fjórar hillur fyrir þvottahús í fasteign sóknaraðila. Ágreiningur málsins heyrir því undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tölul. 1. gr. laganna. Af gögnum málsins verður ráðið að verkið var unnið af tveimur starfsmönnum varnaraðila 24. og 27. janúar 2020 og krafði varnaraðili sóknaraðila í kjölfarið um greiðslu að fjárhæð 70.000 krónur „án nótu“ eins og það er orðað, þ.e. 5.000 krónur á tímann á hvorn starfsmann. Sóknaraðili greiddi varnaraðila 40.000 krónur en hafnaði frekari greiðslu vegna verksins. Ágreiningur var milli aðila í kjölfarið varðandi

eftirstöðvar kröfunnar og fór svo að varnaraðili krafði sóknaraðila um greiðslu að fjárhæð 60.884 krónur með innheimtubrési í byrjun árs 2021. Þann reikning greiddi sóknaraðili 21. maí 2021, eftir innheimtuferli, sem að meðtöldum dráttarvöxtum og kostnaði nam alls 178.145 krónum. Sóknaraðili telur í málinu að krafa varnaraðila sé ekki í samræmi við þá þjónustu sem innt var af hendi og krefst þess að krafa varnaraðila verði lækkuð.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þkpl. skal útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum. Í 6. gr. þkpl. er mælt fyrir um leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu gagnvart neytanda og afleiðingar þess að leiðbeiningarskyldan er ekki virt. Meginsjónarmið að baki 6. gr. þkpl. er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld neytanda. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til þkpl. segir að ef neytandi hefur tekið ákvörðun um hvort vinna eigi verkið á grundvelli upplýsinga um verð og breytingar verði þar á geti neytandi þurft að endurskoða þá ákvörðun sína. Samkvæmt 7. gr. þkpl. getur seljandi, þrátt fyrir ákvæði 6. gr., krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt.

Sóknaraðili kveður aðila máls hvorki hafa samið fyrir verkið í heild né greiðslu tímagjalds fyrirfram en varnaraðili sendi sóknaraðila kröfu sína í smáskilaboðum eftir að verkinu var unnið. Ákvæði 28. gr. þkpl. fjallar um verðlagningu í þjónustukaupum þegar aðilar hafa ekki samið um verð. Ákvæðið er svohljóðandi:

„28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef samið er um vinnu verks miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Verðið er þannig háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort tímafjöldi og annar kostnaður sé hæfilegur ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Sönnunarbyrði fyrir því að umkrafið endurgjald varnaraðila hafi verið ósanngjarnt hvílir á sóknaraðila. Sóknaraðili hefur ekki fært sannfærandi rök fyrir því, eða lagt fram gögn því til stuðnings, að krafa varnaraðila sé ósanngjörn. Af því sem fram kemur komið verður ekki annað ráðið en að varnaraðila skilaði af sér verkinu með fullnægjandi hætti, í samræmi við kröfur sóknaraðila og er ekki uppi ágreiningur um árangur verksins. Hvorki er unnt að fallast á það með sóknaraðila að óeðlilegt sé að verkið hafi verið unnið af tveimur starfsmönnum varnaraðila né að fjöldi vinnustunda sem krafist sé greiðslu fyrir sé óhóflegur. Er kærunefndinni því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila.

V

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson